

um stjórnarmálefni Íslands", og hefir í dag verið hlutast til um, að fê þetta verði greitt fêhirði félagsins, Stephensen etazráði, úr aðalfêhirzlu ríkisins.

1865.
16. marz.

23. Brêf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa Vestmannaeyingum til að kaupa þilskip.

18. marz.

Eptir að dómsmálastjórninni höfðu borizt með brêfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 5. júlímán. f. á., ítarlegri skýrslur viðvíkjandi bænaraskrá, er áður hafði verið send hingað, um lán úr ríkissjóðnum handa Vestmannaeyingum til þess að kaupa þilskip til fiskiveiða, og eptir að skrifast hafði verið á við fjárstjórnina um málefni þetta, hlutaðist dómsmálastjórnin til um, að stungið var uppá í frumvarpinu til fjárhagslaganna, að lánið væri veitt. Í fjárhagslögunum fyrir fjárhagsárið 1865—66, er staðfest voru 17. þ. m., hefir Vestmannaeyingum nú verið veitt 1200 ríkisdala lán í þessu skyni, með þeim skilmálum, að sett sé veð eða áreiðanlegur ábyrgðarmaður fyrir láninu, að borgaðir séu 4 ríkisdalir af hundræði hverju á ári í leigur, og að það sé borgað aptur á fjórum árum þannig, að fjórði partur sé borgaður á hverju ári.

Þetta birtist yður hêrmeð, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þêr auglýsið það, og vonast dómsmálastjórnin eptir, að þêr munið sjá svo um, að lánið sé ekki greitt af höndum, fyr en sett hefir verið fullt veð fyrir því, og að leigurnar og lánið sjálft sé borgað aptur á tilteknum tíma í jarðabókarsjóð Íslands. Vêr búumst við að fá skýrslu um, í hverju veðið fyrir láninu sé fólgið.